Ársreikningur
2017

Reykhólahreppur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	3-4
Áritun stjórnenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-21
Lykiltölur	22-28

Reykhólahreppur
kt. 440787-2589
Maríutröð 5a, Reykhólum
380 Reykhólahreppur
Sími 434 7880

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit
Við höfum endurskoðað ársreikning Reykhólahrepps fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits
Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Reykhólahreppi í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum
Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um að ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, 12. júní 2018.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Reykhólahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 596 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 455,4 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52%, sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,5% sem er lögbundið hámark þess, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess með álagi.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 69,4 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 44,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 696 millj. kr. og heildarskuldir 179,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 516,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 430,7 millj. kr.

Ársreikningur Reykhólahreps fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Reykhólum, 12 júní 2018.

Sveitarstjóri: REYKHÓLAHREPPUR SVEITARSTJÓRI

Sveitarstjórn Reykhólahrepps staðfestir hér með ársreikning Reykhólahrepps fyrir árið 2017 með undirritun sinni við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Reykhólum, 12 júní 2018.

Sveitarstjórn:

Karl Kristjánsson
Embla Dögg Bachmann
Arný Huld Haraldsdóttir
Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	A hluti 2017	A hluti Áætlun 2017	A hluti 2016	B hluti 2017	B hluti Áætlun 2017	B hluti 2016	A og B hluti 2017	A og B hluti Áætlun 2017	A og B hluti 2016
Tekjur:										
Útsvör og fasteignaskattar		147.342.362	148.971.920	129.208.312				145.636.024	147.580.980	127.764.432
Framlög Jöfnunarsjóðs		203.775.503	175.656.000	186.944.971				203.775.503	175.656.000	186.944.971
		351.117.865	324.627.920	316.153.283	0	0	0	349.411.527	323.236.980	314.709.403
Aðrar tekjur		104.223.885	88.204.211	81.928.787	171.883.877	170.639.146	170.217.359	246.525.758	229.261.357	218.947.828
	3,4	455.341.750	412.832.131	398.082.070	171.883.877	170.639.146	170.217.359	595.937.285	552.498.337	533.657.231
Gjöld:										
Launagjöld	5	230.742.088	224.711.495	194.305.437	105.947.478	107.855.593	98.658.614	336.689.566	332.567.088	292.964.051
Lífeyrisskuldbinding	5				0		2.403.564	0		2.403.564
Annar rekstrarkostnaður	6	160.246.248	147.022.991	163.835.434	58.567.989	59.110.381	57.871.796	187.525.895	175.160.432	187.065.032
	3	390.988.336	371.734.486	358.140.871	164.515.467	166.965.974	158.933.974	524.215.461	507.727.520	482.432.647
Afskriftir	9	10.263.733	8.580.154	6.192.888	7.070.002	6.945.634	6.315.215	17.333.735	15.525.788	12.508.103
		401.252.069	380.314.640	364.333.759	171.585.469	173.911.608	165.249.189	541.549.196	523.253.308	494.940.750
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		54.089.681	32.517.491	33.748.311	298.408	(3.272.462)	4.968.170	54.388.089	29.245.029	38.716.481
Fjármagnsliðir:										
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	3.246.321	(376.080)	3.328.202	(2.793.048)	(2.350.829)	(2.599.642)	453.273	(2.726.909)	728.560
Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði		57.336.002	32.141.411	37.076.513	(2.494.640)	(5.623.291)	2.368.528	54.841.362	26.518.120	39.445.041
Óreglulegir liðir:										
Uppgjör lífeyrisskuldb. A og B deilda	14,20	(12.940.530)	(11.310.507)	0	27.459.266	0	0	14.518.736	(11.310.507)	0
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð)	1,2,24	**44.395.472**	**20.830.904**	**37.076.513**	**24.964.626**	**(5.623.291)**	**2.368.528**	**69.360.098**	**15.207.613**	**39.445.041**
Lykiltölur	23									

Efnahagsreikningur 31. desember2017

		A hluti	A hluti	B hluti	B hluti	A og B hluti	A og B hluti
	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir:							
Varanlegir rekstrarfjármunir:							
Fasteignir og lóðir		245.981.292	219.658.063	139.159.406	140.692.938	385.140.698	360.351.001
Veitu- og gatnamannvirki		7.413.460	6.745.589	31.036.120	12.697.742	38.449.580	19.443.331
Hafnarmannvirki				18.983.967	20.095.813	18.983.967	20.095.813
Bifreiðar, áhöld og tæki		5.972.049	4.523.917	1.621.661	2.107.769	7.593.710	6.631.686
	3,9	259.366.801	230.927.569	190.801.154	175.594.262	450.167.955	406.521.831
Áhættufjármunir og langtímakröfur:							
Eignarhlutar	10	27.115.630	27.115.630			27.115.630	27.115.630
Langtímakröfur, eigin fyrirtæki	11	68.178.010	50.319.047			1	
	3	95.293.640	77.434.677	0	0	27.115.631	27.115.630
Fastafjármunir		354.660.441	308.362.246	190.801.154	175.594.262	477.283.586	433.637.461
Veltufjármunir:							
Skammtímakröfur:							
Óinnheimtar tekjur	12	19.610.307	21.644.261	3.131.591	2.137.250	22.741.898	23.781.511
Aðrar viðskiptakröfur		47.808.114	12.320.899			47.808.114	12.320.899
Aðrar skammtímakröfur		5.854.089	8.361.375	349.128	972.720	6.203.217	9.334.095
Skammtímakröfur	3	73.272.510	42.326.535	3.480.719	3.109.970	76.753.229	45.436.505
Handbært fé	3	141.386.367	146.405.908	671.907	460.173	142.058.274	146.866.081
Veltufjármunir	3	214.658.877	188.732.443	4.152.626	3.570.143	218.811.503	192.302.586
Eignir utan efnahagsreiknings	3						
Eignir samtals		**569.319.318**	**497.094.689**	**194.953.780**	**179.164.405**	**696.095.089**	**625.940.047**

Efnahagsreikningur 31. desember2017

		A hluti	A hluti	B hluti	B hluti	A og B hluti	A og B hluti
	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé:							
Eigið fé	13	430.728.620	379.133.148	86.138.244	61.173.621	516.866.864	440.306.769
Skuldbindingar:							
Lífeyrisskuldbindingar	3,14	0	0	0	27.229.266	0	27.229.266
Langtímaskuldir:							
Skuldir við lánastofnanir	3,15	53.604.332	58.532.904	27.748.867	28.189.842	81.353.199	86.722.746
Aðalsjóður				68.178.009	50.319.047		
		53.604.332	58.532.904	95.926.876	78.508.889	81.353.199	86.722.746
Skammtímaskuldir:							
Fyrirframinnheimtar tekjur				11.977.312	11.131.846	11.977.312	11.131.846
Viðskiptaskuldir		48.070.757	26.620.831			48.070.757	26.620.831
Næsta árs afborganir langtímaskulda		5.886.650	5.606.129	863.575	842.395	6.750.225	6.448.524
Næsta árs geiðsla lífeyrisskuldbindingar					230.000		230.000
Aðrar skammtímaskuldir		31.028.959	27.201.677	47.773	48.388	31.076.732	27.250.065
		84.986.366	59.428.637	12.888.660	12.252.629	97.875.026	71.681.266
Skuldir og skuldbindingar		138.590.698	117.961.541	108.815.536	117.990.784	179.228.225	185.633.278
Eigið fé og skuldir samtals		**569.319.318**	**497.094.689**	**194.953.780**	**179.164.405**	**696.095.089**	**625.940.047**
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	18-20						
Önnur atriði	21-22						
Lykiltölur	23						

Sjóðstreymi ársins 2017

		A hluti		A hluti	B hluti		B hluti	A og B hluti		A og B hluti
	Skýr.	2017	Áætlun 2017	2016	2017	Áætlun 2017	2016	2017	Áætlun 2017	2016
Rekstrarhreyfingar:										
Rekstrarafkoma ársins		44.395.472	20.830.904	37.076.513	24.964.626	(5.623.291)	2.368.528	69.360.098	15.207.613	39.445.041
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:										
Söluhagnaður eigna				(81.000)						(81.000)
Afskriftir		10.263.733	8.580.154	6.192.888	7.070.002	6.945.634	6.315.215	17.333.735	15.525.788	12.508.103
Verðbætur		1.058.967	1.947.000	1.377.466	426.856	935.950	669.734	1.485.823	2.882.950	2.047.200
Breyting lífeyrisskuldbindinga					(27.459.266)		2.403.564	(27.459.266)		2.403.564
Veltufé frá rekstri		55.718.172	31.358.058	44.565.867	5.002.218	2.258.293	11.757.041	60.720.390	33.616.351	56.322.908
Breytingar á skammtímaliðum:										
Skammtímakröfur, breyting		(30.945.975)	1.000.000	(5.717.737)	(370.749)		8.297.673	(31.316.724)	1.000.000	2.579.936
Skammtímaskuldir, breyting		25.277.208	5.000.000	(1.109.399)	844.851		(785.577)	26.122.059	5.000.000	(1.894.976)
Breytingar		(5.668.767)	6.000.000	(6.827.136)	474.102	0	7.512.096	(5.194.665)	6.000.000	684.960
Handbært fé frá rekstri		50.049.405	37.358.058	37.738.731	5.476.320	2.258.293	19.269.137	55.525.725	39.616.351	57.007.868
Fjárfestingarhreyfingar:										
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum		(31.502.965)	(36.700.000)	(13.783.927)	(22.276.894)	(25.000.000)	(13.910.596)	(53.779.859)	(61.700.000)	(27.694.523)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna				150.000						150.000
Fjárfestingarhreyfingar		(31.502.965)	(36.700.000)	(13.633.927)	(22.276.894)	(25.000.000)	(13.910.596)	(53.779.859)	(61.700.000)	(27.544.523)
Fjármögnunarhreyfingar:										
Afborganir langtímalána		(5.707.022)	(5.719.000)	(5.384.074)	(846.651)	(858.000)	(824.898)	(6.553.673)	(6.577.000)	(6.208.972)
Greidd lífeyrisskuldbinding							(157.970)			(157.970)
Eigin fyrirtæki, breyting		(17.858.959)	(23.599.707)	4.194.608	17.858.959	23.599.707	(4.194.608)			
Fjármögnunarhreyfingar		(23.565.981)	(29.318.707)	(1.189.466)	17.012.308	22.741.707	(5.177.476)	(6.553.673)	(6.577.000)	(6.366.942)
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé		(5.019.541)	(28.660.649)	22.915.338	211.734		181.065	(4.807.807)	(28.660.649)	23.096.403
Handbært fé í ársbyrjun		146.405.908	146.405.908	123.490.570	460.173	1.000.000	279.108	146.866.081	147.405.908	123.769.678
Handbært fé í árslok	24	**141.386.367**	**117.745.259**	**146.405.908**	**671.907**	**1.000.000**	**460.173**	**142.058.274**	**118.745.259**	**146.866.081**

Skýringar

Upplýsingar um sveitarfélagið:

1. Reykhólasveit er sveitarfélag á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar bjuggu 277 manns þann 1. desember 2017. Stjórnsýsluskrifstofa sveitarfélagsins er að Maríutröð 5a, Reykhólum.

   Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Reikningsskilin:

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Reykhólahrepps árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins og samandreginn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

   Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Barmahlíð hjúkrunar- og dvalarheimili, leiguíbúðir, fráveita og vatnsveita.

   Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

   Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

3. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi, s.s. framkvæmdakostnað vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýr. 3. d. Tekjur umfram framkvæmda-kostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og fært í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar, frh.:

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Ár
Fasteignir og lóðir	50
Bifreiðar, áhöld og tæki	5-10
Veitukerfi	25
Hafnarmannvirki	16,67

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Eignarhlutir í félögum og stofnunum

Hlutabréf og eignarhlutir í félögum eru bókfærð á kostnaðarverði. Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki.

h. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

j. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

k. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Í skýringum er gerð grein fyrir ábyrgðum og öðrum skuldbindingum sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings.

Skýringar, frh.:

I. Fjárhagsáætlun og sundurliðanir

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 24.

Skýringar, frh.:

	A hluti 2017		B hluti 2017		A og B hluti 2017	
Rekstrartekjur:						
4. Rekstrartekjur greinast þannig:	Árs-reikningur	Áætlun	Árs-reikningur	Áætlun	Árs-reikningur	Áætlun
Útsvör og fasteignaskattar						
Útsvar	130.799.485	132.361.000			130.799.485	132.361.000
Fasteignaskattur	14.164.041	14.310.920			12.457.703	12.919.980
Lóðaleiga	2.378.836	2.300.000			2.378.836	2.300.000
	147.342.362	148.971.920	0	0	145.636.024	147.580.980
Framlög Jöfnunarsjóðs						
Framlag vegna fasteignaskatts	18.975.790	18.200.000			18.975.790	18.200.000
Framlag vegna tekjujöfnunar	10.306.660	10.700.000			10.306.660	10.700.000
Framlag vegna útgjaldajöfnunar	103.670.317	82.900.000			103.670.317	82.900.000
Framlög vegna grunnskóla	64.966.577	58.000.000			64.966.577	58.000.000
Framlög vegna málefna fatlaðra	5.300.000	5.300.000			5.300.000	5.300.000
Önnur framlög	556.159	556.000			556.159	556.000
	203.775.503	175.656.000	0	0	203.775.503	175.656.000
Skatttekjur samtals	351.117.865	324.627.920	0	0	349.411.527	323.236.980
Aðrar tekjur						
Þjónustutekjur	39.501.740	37.683.450	168.256.563	167.132.926	207.758.303	204.816.376
Eignatekjur	10.999.749	10.686.961	3.627.314	3.506.220	14.627.063	14.193.181
Vörur og þjónusta til eigin nota	29.582.004	29.582.000				
Endurgreiðslur	4.909.825	5.291.800			4.909.825	5.291.800
Framlög og styrkir	17.578.240	50.000			17.578.240	50.000
Aðrar tekjur	1.652.327	4.910.000			1.652.327	4.910.000
	104.223.885	88.204.211	171.883.877	170.639.146	246.525.758	229.261.357
Rekstrartekjur samtals	455.341.750	412.832.131	171.883.877	170.639.146	595.937.285	552.498.337

Laun og launatengd gjöld:

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	189.146.342	184.490.373	88.376.465	89.961.278	277.522.807	274.451.651
Launatengd gjöld	41.595.746	40.221.122	17.571.013	17.894.315	59.166.759	58.115.437
	230.742.088	224.711.495	105.947.478	107.855.593	336.689.566	332.567.088

Á árinu voru í starfi hjá Reykhólahreppi um 60 starfsmenn sem skiluðu um 40 ársverkum. Laun og starfstengdar greiðslur sveitastjórnar og sveitarstjóra námu samtals um 16,4 millj. króna.

Skýringar, frh.:

Annar rekstrarkostnaður:

	A hluti 2017		B hluti 2017		A og B hluti 2017	
	Árs-reikningur	Áætlun	Árs-reikningur	Áætlun	Árs-reikningur	Áætlun
6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:						
Vörukaup og viðhaldsvörur	23.350.937	33.172.133	8.424.814	10.115.602	31.775.751	43.287.735
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	4.268.882	2.638.699	978.959	611.682	5.247.841	3.250.381
Móttaka, ferðakostnaður o.þ.h.	2.948.017	1.834.436	59.000		3.007.017	1.834.436
Sérfræðiþjónusta	28.901.580	20.731.403	3.307.935	4.417.400	32.209.515	25.148.803
Önnur þjónusta	35.504.635	30.784.524	32.740.345	31.226.802	38.662.976	32.429.326
Leigugreiðslur	52.176	176.502		20.600	52.176	197.102
Orkukaup	9.322.096	7.884.779	4.775.492	4.956.851	14.097.588	12.841.630
Vátryggingar og opinber gjöld	2.575.808	2.392.307	3.071.746	2.434.547	3.941.216	3.435.914
Akstur og flutningar	15.051.218	13.843.865	1.792.682	787.663	16.843.900	14.631.528
Styrkir og framlög	32.889.737	29.918.648			32.889.737	29.918.648
Starfsmannakostnaður	244.131	161.800	506.670	479.221	750.801	641.021
Gjaldfærð nýkaup tækja og búnaðar	4.981.158	3.483.895	2.850.346	3.977.963	7.831.504	7.461.858
Niðurfærsla og afskriftir	155.873				155.873	
Önnur rekstrargjöld			60.000	82.050	60.000	82.050
	160.246.248	147.022.991	58.567.989	59.110.381	187.525.895	175.160.432

Fjármagnsliðir:

7. Fjármagnsliðir greinast þannig:

Fjármunatekjur

Arður af eignahlutum	1.629.090	200.000			1.629.090	200.000
Vaxtatekjur og verðbætur	6.282.753	5.360.001		516.000	6.282.753	5.876.001
Vaxtatekjur eigin fyrirtækja	2.075.591	1.270.000				
	9.987.434	6.830.001	0	516.000	7.911.843	6.076.001

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld og verðbætur	5.034.955	6.396.081	717.457	1.588.829	5.752.412	7.984.910
Vaxtagjöld eigin fyrirtækja			2.075.591	1.270.000		
Niðurfærsla og afskrifir	396.032	70.000			396.032	70.000
Fjármagnstekjuskattur	1.310.126	740.000		8.000	1.310.126	748.000
	6.741.113	7.206.081	2.793.048	2.866.829	7.458.570	8.802.910
	3.246.321	(376.080)	(2.793.048)	(2.350.829)	453.273	(2.726.909)

Skýringar, frh.:

Heildaryfirlit um rekstur:

8. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2017			Áætlun með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður				
Skatttekjur		354.855.749	354.855.749	327.317.000
Félagsþjónusta	20.990.195	981.488	(20.008.707)	(17.940.648)
Heilbrigðismál	339.192		(339.192)	(339.187)
Fræðslu- og uppeldismál	253.130.068	51.616.908	(201.513.160)	(196.645.820)
Menningarmál	7.853.219	1.127.237	(6.725.982)	(5.550.082)
Æskulýðs- og íþróttamál	26.642.655	8.693.800	(17.948.855)	(15.205.712)
Brunamál og almannavarnir	5.247.241	457.262	(4.789.979)	(6.471.089)
Hreinlætismál	16.517.004	9.019.549	(7.497.455)	(6.398.536)
Skipulags- og byggingamál	16.683.221	9.371.323	(7.311.898)	(6.253.390)
Umferðar- og samgöngumál	3.476.117	1.723.800	(1.752.317)	(2.836.592)
Umhverfismál	6.250.843	1.328.107	(4.922.736)	(4.277.267)
Atvinnumál	13.927.971	8.685.613	(5.242.358)	(5.547.153)
Sameiginlegur kostnaður	66.961.890	13.192.980	(53.768.910)	(46.198.153)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8.097.721	9.987.434	1.889.713	(3.869.999)
Aðalsjóður samtals	446.117.337	471.041.250	24.923.913	9.783.372
A hluta stofnanir				
Eignasjóður	48.994.100	68.465.659	19.471.559	11.047.532
Innri færslur A hluta	(61.762.627)	(61.762.627)		
A hluti samtals	433.348.810	477.744.282	44.395.472	20.830.904
B hluta fyrirtæki				
Hafnarsjóður	7.751.041	6.712.244	(1.038.797)	(2.022.570)
Barmahlíð	158.351.727	183.081.274	24.729.547	(3.393.511)
Félagslegar íbúðir	2.910.966	3.362.609	451.643	(792.635)
Reykhólaveitur	4.726.523	5.548.756	822.233	585.425
Innri færslur A og B hluta	(33.363.933)	(33.363.933)		
A og B hluti samtals	573.725.134	643.085.232	69.360.098	15.207.613

Varanlegir rekstrarfjármunir:

9. Bókfært verð, fjárfesting og vátryggingarmat varanlegra rekstrarfjármuna greinast eins og sundurliðað er í liðum a.-g. hér að aftan.

Bókfært verð:

a. ***A hluti***

	Gatnagerð og gangstígar	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar, áhöld og tæki	Samtals A hluti
Heildarverð í ársbyrjun	9.741.659	528.704.274	18.135.012	556.580.945
